

134. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 25. júní 2013 í Flatey á Breiðafirði.

Mætt: Halla S. Steinólfsdóttir formaður, Arnheiður Jónsdóttir, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Trausti Baldursson, Erla Friðriksdóttir og Ásgeir Gunnar Jónsson varamaður. Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður og Eiríkur Snæbjörnsson forfölluðust.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson.

Formaður setti fund kl. 17:00

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar.

Áður en formlegur fundur var haldinn í Flatey fór Breiðafjarðarnefnd í vettvangsferð um Breiðafjörð, lagt var af stað kl. 09.15 frá Stykkishólshöfn. Siglt var með tveimur RIB bátum frá Ocean Safari. Fyrsti viðkomustaður voru Bjarneyjar. Ásgeir Gunnar sá um kynningu á eyjunum og nytjum á svæðinu. Nefndarmenn skoðuðu húsakosti og þáðu veitingar. Næst var siglt norðvestur fram hjá Oddbjarnarskeri og áfram að Drápskerjum þar sem farið var í land. Þar notuðu nefndarmenn tækifærið og böðuðu sig í heitum hver. Að lokinni baðstund var siglt til Hergilseyjar og þar var farið í land. Við Hergilsey voru snæddar veitingar og sagði Sigurður Þórólfsson frá sögu Gísla Súrssonar er hann dvaldi í Hergilsey og flúði undan Berki digra og hans mönnum. Síðasti viðkomustaður var Flatey. Þar naut hópurinn leiðsagnar Valdimars Valdimarssonar um eyjuna. Ferðahópurinn þáði síðan veitingar á Hótel Flatey í boði Reykhólahrepps. Að lokum var síðan siglt aftur til Stykkishólms í blíðskaparveðri.

Breiðafjarðarnefnd þakkar eftirtöldum fyrir vettvangsferðina: Ocean Safari fyrir góða og skemmtilega siglingu ásamt fyrirmyndarþjónustu, Reykhólahrepp fyrir veitingarnar í Flatey, Ásgeiri Gunnari og Magnúsi fyrir skipulagningu vettvangsferðarinnar og Sigurði og Valdimari fyrir leiðsögn í ferðinni.

Gestir Breiðafjarðarnefndar í vettvangsferðinni voru Gísli Einarsson fréttamaður og Morten S. Riishuus jarðfræðingur. Einnig voru makar nokkurra nefndarmanna með í för.

Smábátahöfnin í Innstapelli Flatey

Í aðalskipulagi fyrir Reykhólahrepp er í Flatey gert ráð fyrir smábátahöfn í Innstapelli. Erindi um smábátahöfn í Flatey hefur verið tekið fyrir áður í Breiðafjarðarnefnd. Nefndin fór á vettvang og skoðaði aðstæður fyrir smábátahöfn í Innstapelli. Umræður urðu um deiliskipulagstillöguna.

Deiliskipulagstillaga fyrir frístundahús í Flatey

Í aðalskipulagi fyrir Reykhólahrepp er í Flatey gert ráð fyrir byggingu frístundahúsa. Deiliskipulagstillaga fyrir frístundahúsabyggð mun vera í kærufarli. Breiðafjarðarnefnd fór á vettvang og skoðaði deiliskipulagsreitinn. Umræður urðu um deiliskipulagstillöguna.

Deiliskipulagstillaga fyrir Holtsfit á Barðaströnd

Óskað er eftir umsagnar Breiðafjarðarnefndar um deiliskipulagstillögu vegna byggingu sumarhúss á Holtsfit á Barðaströnd. Svæðið sem deiliskipulagstillagan nær til er á jaðri verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Fundi slitið kl. 17:30. Næsti fundur verður ákveðinn síðar.